

MYNDSTEF

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. febrúar 2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verslunaratvinnu, 66. mál, eigendasaga myndverks

Myndstefi hefur borist beiðni frá viðskiptanefnd Alþingis um umsögn vegna framangreinds lagafrumvarps.

Þar sem frumvarp þetta hefur verið lagt fyrir alþingi áður og á þeim tíma fékk Myndstef samskonar beiðni um umsögn þykir rétt að endurtaka rök stjórnar Myndstefs fyrir þessari afgreiðslu en sú umsögn var send til nefndasviðs alþingis með bréfi dagsettu 12. febrúar 2007.

“Stjórn Myndstefs leggur áherslu á að verði frumvarpið að lögum má ætla að það verði til þess að markaður með listaverk á Íslandi verði mun öruggari en verið hefur á undanförmum árum. Þetta hefur bæði jákvæð áhrif fyrir þá sem stunda endursölu listaverka í atvinnuskyni og ekki síður fyrir kaupendur sem oft eru að leggja mikla fjármuni í kaup á listaverkum ætíð í þeirri trú að verkin séu höfundaverk þeirra sem getið er á verkunum. Í sumum tilvikum getur eigendasaga einnig haft áhrif á verðlag listaverka með jákvæðum hætti þegar sýnt er fram á að ákveðnir aðilar, listasöfn, listaverkasáfnarar eða kunnáttumenn um myndlist hafa átt verkin.

Þá er enn fremur ljóst að það hefur mikla þýðingu fyrir myndlistarmenn og myndlist almenn í menningarlegur tilliti að hægt sé að treysta því að verk sem eru á markaði séu ekta en ekki falsanir.

Einnig þykir rétt að taka fram að verði frumvarp þetta að lögum verður mun erfiðara fyrir óheiðarlega viðskiptaaðila að setja á markað fölsuð myndverk, sbr. t.d. “Stóra málverka fölsunarmálið”, og því verður listaverkamarkaðurinn miklu öruggari.

Stjórn Myndstefs mælir því eindregið með því að alþingi samþykki lagafrumvarp þetta óbreytt.”

Því eru ekki af hálfu Myndstefs gerðar neina athugasemdir við lagafrumvarpið og mælt með því að það verði samþykkt óbreytt.

f.h. stjórnar Myndstefs


Knútur Bruun, form.